


Litað í kringum landið



Minjastofnun
Íslands

Hús á forsíðu: Lindargata 13. Elsta uppistandandi hús á Sauðárkróki, reist árið 1874. Húsið er aldursfriðað og er innan verndarsvæðis í byggð.






Minjastofnun
Íslands

Litað í kringum landið



Arna Inga Arnórsdóttir



Alþingishúsið

Alþingishúsið stendur við Austurvöll í Reykjavík og var reist á árunum 1880-1881. Húsið var friðlýst árið 1973.





Listasafn Einars Jónssonar


Listasafn Einars Jónssonar var fyrsta listasafn Íslands og var opnað árið 1923. Safnið stendur á Skólavörðuholti í Reykjavík. Á safninu er hægt að skoða verk eftir Einar og í turni safnsins bjó hann með konu sinni, Önnu Jörgensen. Heimili þeirra er hluti af safninu. Húsið var friðlýst árið 2003.







Pingholtsstræti 9

Pingholtsstræti 9 var reist árið 1846 af Helga Jónssyni, snikkara. Húsið er gott dæmi um íbúðarhús handverksmanna á þessum tíma. Árið 1969 var húsið flutt á Árbæjarsafn og er hægt að skoða það þar. Húsið var friðlýst árið 1990.





Laugarvatnshellar



Laugarvatnshellar eru tveir manngerðir hellar staðsettir í Bláskógabyggð. Ekki er vitað hvenær hellarnir voru gerðir. Hellarnir hafa í gegnum tíðina verið notaðir sem áningastaður, afdrep fyrir gangnamenn og sem fjárhellar, en í upphafi 20. aldar bjuggu tvær fjölskyldur í hellunum, hvor á eftir hinni. Nú er búið að endurbyggja annan hellinn og er hægt er að fara þangað og skoða hvernig fólkid sem bjó þar lifði.

Laugarvatnshellar eru aldursfriðaðir.

R




Laugarvatnshellar




Hvítárbrú


Hvítárbrú var vígð árið 1928. Hönnun og smíði brúarinnar voru mikil afrek miðað við tæknina á þessum tíma og þykir hún með fallegrí mannvirkjum á Íslandi.



Snorralaug


Elsta þekkta lýsing á Snorralaug kemur fram í riti Páls lögmanns Vídalín *Um fornyrði Jónsbókar* frá um 1724. Í Sturlungu kemur hún við sögu á dögum Snorra Sturlusonar. Laugin er staðsett í Reykholti og hefur hún og umhverfi hennar verið endurbætt nokkrum sinnum, svo að útlit hennar er ekki upprunalegt. Laugin er meðal þeirra fornleifa sem fyrstar voru friðlýstar á Íslandi árið 1817.





Snorralaug


Frá Snorralaug liggja forn göng sem talin eru hafa tengt laugina við bæinn. Fremsti hluti ganganna er endurgerður þar sem hluti þeirra var grafinn burt við framkvæmdir fyrri alda. Húsið yfir göngin var einungis reist til að skýla minjunum.



Kúldshús

Silfurgata 4 eða Kúldshús var fyrst reist árið 1848 í Flatey á Breiðafirði af séra Eiríki Kúld. Eiríkur flutti húsið með sér þegar hann flutti úr Flatey og var það fyrst tekið niður árið 1860 og endurreist á Þingvöllum í Helgafellssveit. Árið 1868 var það tekið niður í annað sinn og endurreist í Stykkishólmi, og þar stendur það enn. Húsið var friðlýst árið 1990.






Flatey

Flatey á Breiðafirði er stærsta vestureyjan á Breiðafirði og tilheyra henni alls 40 eyjar og hólmar. Eyjan er mikil náttúruperla og þar má einnig finna mikinn fjölda menningarminja: fornleifar, hús og mannvirki, friðuð og friðlýst. Þorpið í Flatey er einnig staðfest verndarsvæði í byggð.







Brjánslækur

Á Brjánslæk er gamalt prestsetur sem reist var árið 1912. Húsið hefur verið gert upp og er þar nú gistiheimili, sýning og kaffihús. Húsið er friðað vegna aldurs.

R







Arnarnesviti

Arnarnesviti er járngrindarviti sem var reistur árið 1921 og er hann staðsettur á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp. Vitinn er af elstu gerð járngrindarvita og var hann friðlýstur árið 2003.





Vigur

Vigur er ein af þremur eyjum við Ísafjarðardjúp og er hægt að ferðast þangað með bát frá Ísafirði. Á eyjunni er að finna elsta pósthús Íslands, einu vindmyllu landsins, og líklega elsta bát landsins sem enn er í notkun; Vigur-Breið, auk fjölda annarra menningarminja.






Víðimýrarkirkja

Víðimýrarkirkja er falleg torfkirkja staðsett á Skagarfirði. Kirkjan var reist árið 1834 af Jóni Samsonarsyni sem var smiður og alþingismaður.

Klukkurnar í kirkjuturninum eru frá árinu 1630. Kirkjan var friðlýst árið 1990 og er í hússafni Þjóðminjasafns Íslands.






Hlíðarrétt

Hlíðarrétt er staðsett í Vesturdal í Skagarfirði. Réttin er grjóthlaðin og er innsta rýmið, almenningurinn, fullkominn hringur. Hlíðarrétt var reist árið 1913 og er því aldursfriðuð.




R





Silfrastaðakirkja

Silfrastaðakirkja í Skagafirði var reist árið 1896 af Þorsteini Sigurðssyni, forsmið. Kirkjan er áttstrend að grunnformi og með tvískiptan turn. Kirkjan var friðlýst árið 1990.






Silfrastaðakirkja



Klukknaport

Klukknaportið á Möðruvöllum var reist árið 1781. Klukknaportið er eina sinnar tegundar sem hefur varðveist frá gamalli tíð, en slík port voru algeng við kirkjur í gamla daga. Portið var friðlýst árið 1990 og er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.







Laufás

Gamli bærinn í Laufási er gamalt prestsetur sem þjónar nú sem byggðasafn. Kirkjan var reist árið 1865 af Tryggva Gunnarssyni, trésmið og athafnamanni. Burstabærinn var reistur í núverandi mynd af Jóhanni Bessasyni, bónda, á seinni hluta 19. aldar. Kirkjan og bærinn voru friðlýst árið 1990 og er bærinn í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.







Gunnarshús

Gunnarshús á Skriðuklaustri var reist árið 1939 af rithöfundinum Gunnari Gunnarssyni. Vinur Gunnars, Fritz Höger, sem var þýskur arkitekt, teiknaði húsið. Húsið stendur nú sem minnisvarði um Gunnar, sem sneri heim til Íslands sem frægur rithöfundur eftir 30 ára dvöl í Danmörku. Hann og kona hans bjuggu í húsinu í níu ár en fluttu síðan til Reykjavíkur og gáfu þá íslenska ríkinu húsið og alla jörðina árið 1948.

Gunnarsstofnun hefur aðsetur í húsinu. Gunnarshús var friðlýst árið 2008.







Langabúð

Langabúð er elsta húsið á Djúpavogi. Núverandi mynd hússins er frá því um 1850, en það er eldra í grunninn. Í Löngubúð er í dag safn Ríkarðs Jónssonar, myndhöggvara og myndskera. Einnig er þar minningarstofa um Eystein Jónsson, stjórnámamann frá Djúpavogi, og konu hans Sólveigu Eyjólfssdóttur. Á lofti hússins er minjasafn. Í suðurhluta hússins er kaffihús. Húsið var friðlýst árið 1979 og stendur innan verndarsvæðis í byggð.






Teigarhorn


Teigarhorn er bújörð sem staðsett er undir Búlandstindi á Austfjörðum. Gamla íbúðarhúsið á Teigarhorni var reist af Weywadt-fjölskyldunni upp úr 1880 og þar rak Nicoline Weywadt ljósmyndastofu, en hún var fyrsta konan á Íslandi til að læra ljósmyndun. Á Teigarhorni er geislasteinasafn og er þar einnig veðurathugunarstöð. Húsið er aldursfriðað og er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.



R



Dyrhólaviti

Dyrhólaviti í Dyrhólaey var reistur árið 1927, hannaður af Thorvaldi Krabbe verkfræðingi, Guðjóni Samúelssyni húsmeistara ríkisins og Benedikt Jónssyni verkfræðingi. Vitinn var friðlýstur árið 2003.







Seljavallalaug

Seljavallalaug er ein elsta sundlaug á Íslandi og var fyrst hlaðin með grjóti árið 1923 og svo steypt ári seinna. Hafin var sundkennsla í lauginni árið 1927. Laugin er um 25 metrar á lengd og 10 metrar á breidd og var stærsta sundlaug á Íslandi þar til árið 1936. Seljavallalaug var friðlýst árið 2006.





Landlyst

Landlyst í Vestmanneyjum var reist árið 1847 af Matthíasi Markússyni, snikkara og Sólveigu Pálsdóttur ljósmóður. Húsið var tekið niður til geymslu og viðgerðar árið 1992. Húsið var endurreist árið 2000. Landlyst var friðlýst árið 1990.








Breiðabólstaðarkirkja

Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð var reist árið 1911 samkvæmt hönnun Rögnvaldar Ólafssonar. Á Breiðbólsstað hefur lengi verið prestsetur og ýmsir merkisprestar þjónað þar. Kirkjan var friðlýst árið 1990.






Breiðabólstaðarkirkja



Selvogsviti

Selvogsviti var fyrst reistur árið 1919. Eftir aðeins 10 ár var vitinn orðinn svo ryðbrunninn að það þurfti að reisa nýjan vita, sem var gert árið 1930. Ljóshús, linsa og gasljóstæki voru sett á nýja vitann árið 1931 og árið 1988 var sett í hann rafþýsing og radarvari.



Selatangar


Á Selatöngum er að finna minjar um verbúðir, fiskbyrgi og fiskigarða. Rústirnar á aðalsvæðinu eru um 20 en auk þeirra er á svæðinu fjöldi fiskigarða. Á Selatöngum eru nokkrir hraunhellar sem voru notaðir til ýmissa verka. Í einum var kvörn og var hann kallaður Mölunarkór og í öðrum var sagað en hann var kallaður Sögunarkór, sá þriðji hétt Smíðahellir. Minjarnar á Selatöngum voru friðlýstar árið 1966.





Bessastaðir

Á Bessastöðum er þyrping nokkura bygginga: Bessastaðastofa, móttökusalur, þjónustuhús, íbúðarhús forsta, íbúðarhús staðarhaldara og umsjónarmanns og Bessastaðakirkja.





Bessastaðir eru forsetasetur Íslands og því mjög merkur staður fyrir Íslendinga, en jörðin á Álfstanesi þar sem byggingarnar standa á sér einnig merka sögu alveg frá landnámstíð. Bessastaðastofa er elsta byggingin á staðnum, en hún var reist á árunum 1761-1767 og friðlýst árið 1990.



Litað í kringum landið

Litað í kringum landið er litabók unnin af Örnu Ingu, sem var ráðin í sumarstarf hjá Minjastofnun í gegnum átak ríkisins um sumarstörf fyrir námsmenn.

Með litabókinni vill Arna minna á mikilvægi þess að varðveita minjar og gamlar byggingar. Bókina er hægt að taka með í ferðalag í kringum landið, þar sem hægt er að stoppa á áfangastöðunum sem merktir eru í bókinni, skoða fallegar menningarminjar og lita myndirnar.



Friðlýstar minjar



Aldursfriðaðar minjar



Verndarsvæði í byggð